



# Innra mats skýrsla

Leikskólinn Grænuvellir  
Húsavík  
Norðurþing



<b>Inngangur</b>	<b>3</b>
<b>Ytra mat</b>	<b>4</b>
<b>Starfsáætlun um innra mat</b>	<b>5</b>
<b>Niðurstöður mats</b>	<b>7</b>
Stjórnun	8
Uppeldis- og menntastarf	10
Leikskólabragur	12
Foreldrasamstarf	13
Innra mat	15
Heildarniðurstaða innra mats - myndræn	16
<b>Umbótaáætlun 2020-2023</b>	<b>17</b>



# Inngangur

Þessi skýrsla fjallar um helstu viðfangsefni innra mats skólaárið 2020-2021 .

1. Staða gagnvart ytra mati
2. Helstu matsþættir
  - Stjórnun
  - Uppeldis- og menntastarf
  - Leikskólabragur
  - Foreldrasamstarf
  - Innra mat
  - Öðru má bæta við og leggja áherslu á á hverju ári eða reglulega
    - Sérstaða skólans
3. Skýrslu lýkur með umbótaáætlun 2021-2023

Nú í lok skólaársins 2020-2021 er staðan þannig að búið er að setja gæðaviðmið og meta þætti innra mats. Umbótaáætlun innra mats liggur fyrir og næsta vetur verður unnið að umbótum gæðaviðmiða stjórnunar og foreldrasamstarfs. Að því loknu verða gæðaviðmið hinna flokkanna metin (uppeldis- og menntastarf, leikskólabragur). Hér fyrir neðan má sjá hvernig gæðaráð og eftir atvikum annað starfsfólk skólans mat stöðuna út frá gæðaviðmiðum skólans.

Nýju innra mats skýrslu leikskólans er að finna á vefsíðu skólans.

Innra mats teymi leikskólans Grænuvalla skipa Gunnþór Eyfjörð ráðgjafi frá Ásgarði, Sigríður Valdís Sæbjörnsdóttir leikskólastjóri, Helga Jónsdóttir aðstoðarleikskólastjóri, Unnur Ösp Guðmundsdóttir sérgreinastjóri, Dóra Fjóra Guðmundsdóttir deildarstjóri, Júlía Margrét Birgisdóttir leiðbeinandi og Jóna Dagmar Hólmfríðardóttir foreldri.

## Ytra mat

Menntamálastofnun gerði ytra mat á skólastarfi Grænuvalla í nóvember 2012. Ytra mat er mikilvægt tæki fyrir leik- og grunnskóla til að skólasamfélagið geti áttað sig á því hvar styrkleikar skólastarfsins liggja og hvert skal halda. [Skýrsluna má sjá hér](#). Ytra mats aðilar mátu stöðuna þá eins og hún birtist á meðfylgjandi mynd.

Viðfangsefni umbóta í kjölfar ytra mats er að bæta stöðuna kerfisbundið. Markmið Grænuvalla er að flestir eða allir þættir samræmist fyllilega lýsingum um gæðastarf. Árið 2012 í kjölfar ytra mats setti starfsfólk Grænuvalla sér það markmið að verða framúrskarandi skóli sem bæri skýr einkenni gæðastarfs.

Stjórnun	Uppeldis- og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Skipulag náms og námsaðstæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Stjórnun og daglegur rekstur	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber birting og umbætur
Faglegt samstarf	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks		
Leikskólaþróun og símenntun	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja		
	Mat á námi og velferð barna			



**RAUTI** - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

**GULT** - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta.

**LJÓSGRÆNT** - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi

**GRÆNT** - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Í kjölfar ytra mats úttektar Menntamálastofnunar varð til umbótaáætlun sem starfsfólk Grænavalla hefur unnið eftir allt til dagsins í dag. Umbótum er nú lokið og innra mats skýrsla og umbætur í kjölfar innra mats hafa tekið við og unnið samkvæmt [langtímaáætlun skólans um innra mat](#). Þriðji kafli þessarar skýrslu er ný umbótaáætlun sem tryggir stöðugar umbætur framvegis á Grænavöllum.

## Starfsáætlun um innra mat

Matsteymi var skipað af skólastjóra í byrjun skólaárs 2020/2021. Teymið fundaði 10 sinnum á skólaárinu og skipulagði, forgangsráðaði og vann verk sem þörfuðust umbóta. Markmiðið var að innleiða skólastefnu Norðurþings markvisst í gegn um innra mat sem framkvæmt yrði á skólaárinu.

Teymið mun vinna saman að innleiðingunni á næstu árum. Á fundunum var farið yfir [gæðaviðmið innra mats](#) og [umbótaáætlun](#) útbúin með það að markmiði að 90% af öllum þeim þáttum sem metnir eru teljist sýna mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Ný [verkáætlun](#) matsteymis fyrir skólaárið 2021-2022 er í vinnslu en hún segir til um hvenær teymið hittist, hvað er tekið fyrir og hvernig er unnið með ársáætlun innra mats. Hér að neðan er dæmi um fyrstu skref starfsáætlunar:

Fundartími	Fundarefni
Ágúst	<ul style="list-style-type: none"><li>Fara yfir umbótaáætlun síðasta árs – skoða og útteila verkefnum og skerpa á ábyrgðaraðilum</li></ul>

september Mánudagur Xx/XX	<ul style="list-style-type: none"> <li>· Endurskoða ársáætlun um innra mat</li> <li>· Endurskoða starfsáætlun um innra mat og yfirfara fundaáætlun þessa</li> </ul> <p>Farið yfir gæðaviðmið um stjórnun og metið hvar leikskólinn er staddur</p>
október Mánudagur Xx/XX	<ul style="list-style-type: none"> <li>· Unnið í gæðaviðmiðum stjórnunar</li> </ul> <p>Farið yfir langtímaáætlun um mat á hverjum þætti og endurskoðað</p>
nóvember	Unnið að gerð umbótaáætlunar stjórnunar
janúar	Unnið í umbótaáætlun stjórnunar Farið yfir gæðaviðmið um foreldrasamstarf og metið hvar leikskólinn er staddur
febrúar	Unnið í gæðaviðmiðum um foreldrasamstarf
mars	Unnið að gerð umbótaáætlunar v. foreldrasamstarfs
apríl	Skýrslugerð - mat á stjórnun og foreldrasamstarfi
maí	Áframhaldandi skýrslugerð og farið yfir vinnu vetrarins
júní	Skýrsla um mat á stjórnun og foreldrasamstarfi tilbúin, kynnt fyrir foreldra og fjölskylduráði og birt á vef leikskólans

## Niðurstöður mats

Í þessu forsníði er gert ráð fyrir að niðurstöðurnar séu lagðar fram í fimm meginþáttunum samanber ytra mat Menntamálastofnunar og skólastefnu Norðurlands.

1. Stjórnun
2. Uppeldis- og menntastarf
3. Leikskólabragur
4. Foreldrasamstarf
5. Innra mat

Í niðurstöðu kafla er fjallað um helstu niðurstöður innra matsins út frá markmiðum skólans, það er að segja hvernig hefur gengið að ná þeim fram.

- Gögn - niðurstöður mats - matslistar, rýnihópar, mat á kennslu, gátlistar.
  - Matið sjálf fer þannig fram að matsteymi og/eða önnur teymi fara yfir öll gögn, ræðir niðurstöður og ber saman viðmiðin.
    - **RAUTI** - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
    - **GULT** - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta.
    - **LJÓSGRÆNT** - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi
    - **GRÆNT** - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

## Stjórnun

Verður metin á skólaárinu 2021-2022

1. [Viðmið Norðurbings - Stjórnun - matslisti 3. útgáfa.](#)

Markmið skólans - *Fagleg forysta stjórnenda styður markmiðs - og árangursmiðaða starfshætti sem drífa fram stöðugar umbætur. Skólastjórnendur eru virkir þátttakendur í þróun kennsluhátta í samræmi við framtíðarsýn. Virkt lærdómssamfélag innan skólans með markvissri ígrundun þar sem starfsmenn læra hver af öðrum. Stjórnendur sjá til þess að leikskólinn sé faglegur, öruggur og uppbyggjandi vinnustaður barna og starfsmanna með áherslu á samvinnu og gleði. Markmið skólans er að a.m.k. 90% matsþátta í stjórnun séu grænir þ.e. flestir þættir eða allir sterkir.*

2. Gögn sem nýtt verða til að mæta við ný markmið og viðmið um stjórnun eru fundargerðir, niðurstöður spurningalista og niðurstöður starfsþróunarsamtala. [Skólapúlsinn starfsmannakönnun](#) - niðurstöður og umbætur.

3. Niðurstaða.

Stjórnun
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi
Stjórnun og daglegur rekstur
Faglegt samstarf

- Þrjú þættir af fimm bera skýr merki um gæðastarf í skólum og tveir þættir - skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur og leikskólaþróun og símenntun teljast vera ljósgrænir, þar sem styrkleikar eru meiri en veikleikar og gott verklag sem má bæta. Það sem er ljósgrænt fer í umbótaáætlun (neðst).
- Gerð var [móttökuáætlun fyrir nýtt starfsfólk](#) sem farið verður eftir þegar fólk hefur störf á leikskólanum.
- [Skólapúlsinn](#) var lagður fyrir starfsfólk í apríl. Í honum var spurt um fjóra matsþætti varðandi stjórnun: stuðning frá næsta yfirmanni, sanngjörn forysta, valdeflandi forysta og ræktun mannauðs. Allir þessir þættir komu út yfir landsmeðaltali en könnunina í heild sinni má skoða á vefsíðu leikskólans eða með því að ýta á tengilinn hér að ofan.



- Skólanámskrá Grænavalla er komin á tíma og áætlað var að endurnýja hana á skólaárinu. Það tókst ekki og er endurnýjun komin á dagskrá á starfsdögum í nóvember og janúar á næsta skólaári.
- Ný starfsmannahandbók var gerð.
- Áætlun um öryggi og heilbrigði var útbúin.
- Markviss læsisstefna gerð sem allar deildir fara eftir.

#### Helstu umbætur næsta árs:

- Fara ítarlega yfir gæðaviðmið um stjórnun og meta hvar leikskólinn er staddur.
  - Gera umbótaáætlun um þá þætti sem reynast ljósgrænir, gulir og rauðir.
  - Endurmeta skólanámskrá leikskólans á starfsdögum með öllu starfsfólki.
  - Endurmeta stefnu leikskólans.
  - Meta gildi leikskólans og gera þau sýnilegri.
  - Símenntunaráætlun skýrari og sýnilegri.
- 
- **RAUTT** - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
  - **GULT** - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta
  - **LJÓSGRÆNT** - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi
  - **GRÆNT** - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.



## Uppeldis- og menntastarf

Verður metið á skólaárinu 2022-2023

[Viðmið Norðurbings - Uppeldis- og menntastarf - matslisti 3. útgáfa.](#)

Markmið skólans er að skólastarfið sé faglegt, uppbyggjandi og samstarfsmiðað. Jákvæður agi er hafður að leiðarljósi og nær hann til alls starfs leikskólans. Auk jákvæðs aga er lögð áhersla á leikinn, útikennslu, læsi, tónlist og lýðræði. Mikið er notast við verðlausan og opinn efnivið í leik og sköpun þar sem rík áhersla er lögð á ferlið, nálgun og vinnu barnanna á meðan á verki stendur ekki síður en viðfangsefnið og útkomuna. Mikilvægt er að leik- og námsumhverfið sé fjölbreytt og krefjandi við hæfi hvers og eins og sé í stöðugu umbótaferli í samræmi við þróun starfshátta í skólum. Að reglulega sé farið yfir og framfylgt áætlun um mat á námi og velferð barna í leikskólanum sem og áætlanir um forvarnir og viðbrögð við slysum og annarri vá.

Gögn sem nýtt voru til að máta við ný markmið og viðmið um uppeldis- og menntastarf voru fundargerðir, niðurstöður spurningalista og niðurstöður starfsþróunarsamtala.

### Niðurstaða

- Í jákvæðum aga var að mestu notast við kennsluáætlanir frá því í fyrra þar sem lítið var um tækifæri til funda og endurmats vegna samkomutakmarkana. Nýtt starfsfólk komst ekki á námskeið og fannst það að einhverju leyti á starfinu þó hér innan dyra séu góðar fyrirmyndir og kennarar í jákvæðum aga. Á næsta ári er stefnt að því að koma Jákvæða aganum aftur á þann stað sem hann var fyrir Covid, senda fleiri á námskeið, JA teymið hittist oft og nái að skipuleggja starfið og kennarar fái fleiri tækifæri til að fá hjálp frá öðrum kennurum (KHK)
- [Læsisstefnan](#) var innleidd á þessu skólaári og voru allar deildir fengnar til að meta hana mánaðarlega til að byrja með, en árlega hér eftir.
- Við mat á stærðfræðiskilningi, mál- og félagsþroska voru Míó, Efi-2, TRAS og HLJÓM 2 matstækin notuð. HLJÓM 2 var lagt fyrir 2015 árgang í september og janúar, Efi 2 var lagt fyrir árgang 2017 á haustönn og Tras og Míó á vorönn fyrir árganga 2016-2018. Börn sem koma út í slakri færni/getu í þessum skimunum fara í ferli hjá sérkennslustjóra, gerð er einstaklingsnámskrá fyrir þau og þau fá auka málörvun eða annað sem þau þurfa á að halda.
- Útikennslan hefur þróast og breyst á síðustu árum. Fjaran er meira notuð en áður og minni matseld er í Holti, þess í stað kemur tilbúin matur þangað og meiri áhersla er lögð á leikinn og annað útinám.



- Grænuvellir eru í samstarfi við Tónlistarskóla Húsavíkur og kemur kennari þaðan einu sinni í viku og sér um tónlistarstundir fyrir elstu börnin, hún sér einnig um að skipuleggja tónlistaratriði með börnunum fyrir útskrift þeirra í maí. Á þessu skólaári kom kennarinn alltaf í leikskólann, en á undanförunum árum hafa börnin fengið að fara í tíma í tónlistarskólann aðra önnina og verið í leikskólanum hina. Vegna plássleysis í tónlistarskólanum varð úr að allir tímarnir fóru fram í leikskólanum.
- Frjálsi leikurinn fær gott pláss í dagskipulaginu á Grænuvöllum, börnin hafa stjórn á hvaða leikefni þau nota hverju sinni og með hverjum þau leika. Leikföngin eru í flestum tilvikum aðgengileg fyrir börnin og þegar tækifæri gefast er svigrúm til að halda leik áfram seinna þegar nauðsyn er að snúa sér að öðru í dagskipulaginu.

Uppeldis- og menntastarf
Skipulag náms og námsaðstæður
Uppeldi, menntun og starfshættir
Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna
Námssvið leikskólans
Leikskóli án aðgreiningar
Mat á námi og velferð barna

#### Umbætur næsta árs

- Á skólaárinu 2022-2023 verður uppeldis- og menntastarf metið út frá gæðaviðmiðum Norðurlands, umbótaáætlun gerð og unnið að henni með það að markmiði að í 90% tilvika sé verklag mjög gott og samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.
- Skrá markvisst niður heildarniðurstöður úr skimunum svo hægt sé að bera saman milli ára.

- **RAUTT** - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.



- **GULT** - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta
- **LJÓSGRÆNT** - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi
- **GRÆNT** - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

## Leikskólabragur

Verður metinn á skólaárinu 2022-2023

[Viðmið Norðurbings - Leikskólabragur- matslisti 3. útgáfa.](#)

Markmið skólans - Að skólabragur sé jákvæður og uppbyggjandi með áherslu á faglegt samstarf og samvinnu þar sem starfsfólk nýtur sín í starfi og er stolt af starfi sínu og vinnustaðnum.

Gögn sem nýtt voru til að máta við ný markmið og viðmið um leikskólabrag voru fundargerðir, niðurstöður spurningalista ([starfsmannakönnun](#) í apríl 2021) og niðurstöður starfsþróunarsamtala.

Niðurstaða -Það sem er ljósgrænt, gult eða rautt fer í umbótaáætlun (neðst).

- Stytting vinnuvikunnar. Farið var í vinnu við útfærslur á styttingu vinnuvikunnar á haustönn, starfsfólk kaus úr nokkrum tillögum og úr varð að með því að selja 15 mínútur af kaffinu á hver starfsmaður í 100% vinnu 65 mínútur í styttingu á viku. Það var svo sett í hendur á deildarstjórum hvernig hentaði best að starfsfólk tæki styttingar. Þetta fyrirkomulag hefur gengið nokkuð vel og fólk yfirleitt komist í styttingarnar sínar. Starfsfólk er einnig liðlegt með að færa styttingarnar ef það hentar deildinni betur. Ef fólk kemst ekki í styttingu hefur það fengið að eiga hana inni eða fengið borgað í yfirvinnu. Það liggur mikil vinna að baki því að allir komist í styttingar en almennt ríkir ánægja með þetta fyrirkomulag.
- Kjaraskerðing vegna yfirvinnu sem tekin var af. Um áramót voru teknir af starfsfólki mánaðarlegir 11 yfirvinnutímar sem hafa verið borgaðir í fjölda ára, m.a. vegna álags í leikskólanum, bakvakta í kaffitímum ofl. Gríðarleg óánægja var með þessa ákvörðun yfirvalda sem varð m.a. til þess að þaulreynt starfsfólk sagði upp og hefur störf annars staðar í haust.
- Í starfsmannakönnuninni var leikni í starfi, trú starfsfólks á eigin getu við uppeldi og menntun barnanna og trú á eigin getu við að tryggja jöfnuð marktækt undir landsmeðaltali og þarf að skoða vandlega ástæður þess og reyna að bæta úr.



- Skuldbinding til vinnustaðarins, stuðningur frá samstarfsfólki, ánægja með stjórnun leikskólans og ánægja með stuðningsteymi voru yfir landsmeðaltali sem sýnir að í leikskólanum ríkir góður andi og ánægja.

<b>Leikskólabragur</b>
Viðmót og menning
Velferð og líðan barna
Hlutverk leikskólakennara
Fagmennska starfsfólks
Starfsánægja

### Umbætur næsta árs

- 1.28 Leiðbeinendur á deildum fá reglulega endurgjöf og leiðsögn í leiðbeiningasamtölum. - virkja móttökuáætlun fyrir nýtt starfsfólk í haust
- Kynna stefnu leikskólans betur fyrir starfsfólki

## Foreldrasamstarf

### [Viðmið Norðurbings - Foreldrasamstarf- matslisti 3. útgáfa.](#)

*Leikskólinn er að innleiða skólastefnu og gæðaviðmið og veturinn 2021-2022 verður m.a. áherslan á innleiðingu gæðaviðmiða um foreldrasamstarf.*

Markmið skólans - Á Grænuvöllum er lögð mikil áhersla á gott og gagnlegt foreldrasamstarf. Áhersla er á góða samvinnu og gagnkvæman trúnað milli foreldra og kennara enda er það ein mikilvægasta forsenda þess að leikskóladvölin verði barninu ánægjuleg og árangursrík.

Gögn sem nýtt voru til að máta við markmið og viðmið um foreldrasamstarf voru fundargerðir foreldraráðs og foreldrafélags auk foreldrakönnunar Skólapúlsins en hún verður lögð fyrir á næsta skólaári.



Niðurstaða:-Það sem er ljósgrænt, gult eða rautt fer í umbótaáætlun (neðst).

- Samskipti við foreldra hafa verið með minna móti vegna covid 19. Stuðst er við forritið Karellen í foreldrasamskiptum þar sem foreldrar eiga að geta fengið upplýsingar um börnin á rauntíma, sent og fengið skilaboð og fengið myndir af börnunum til varðveislu en vegna mikilla og margra galla í kerfinu hefur þetta ekki gengið eftir. Ný lög um persónuvernd gera það að verkum að ekki má notast við Facebook svo einu miðlarnir sem eftir eru, eru tölvupóstur, upplýsingatafla og símtöl. Auk þess hafa foreldrar haft lítinn aðgang að skólanum, hafa aðeins komið inn í fataklefa en ekki inn á deild.
- Venjulega er haldinn stór kynningarfundur fyrir foreldra á hverju hausti þar sem starf vetrarins er kynnt en hann var felldur niður vegna samkomutakmarkana. Einnig var jólaföndur, ömmu og afakaffi, opið hús og opnun sýninga felld niður vegna Covid.
- Foreldrafélag leikskólans hélt ekki aðalfund en bauð börnum upp á Latarbæjarsýningu í maí og aðstoðaði jólasveininn með gjafir fyrir jólaballið í desember.
- Foreldraráð leikskólans fundaði 3 sinnum á skólaárinu einu sinni á staðnum en vegna fjöldatakmakanna voru hinir tveir fundirnir í fjarfundi.
- Foreldrasamtöl fóru fram seinnipart vorannar, bæði í gegnum fjarfundi og innan leikskólans þegar kostur var á. Almennt þótti kennurum betra að hitta foreldrana á fundi þar sem þægilegra er að fara yfir skimanir þegar báðir aðilar eru á staðnum en gott að geta gripið til fjarfunda þegar samkomutakmarkanir leyfðu ekki annað.
- Deildarstjórar senda út fréttapósta á föstudögum þar sem farið er yfir starf vikunnar og myndir og önnur samskipti fara í gegn um Karellen sem þó hefur gengið brösuglega vegna galla í forritinu. Á upplýsingatöflum fyrir utan deildir eru skrifuð almenn skilaboð til foreldra, sagt frá starfi dagsins, afmælum barna o.s.frv. Þar eru einnig mánaðardagatöl hvernar deildar og matseðlar.
- Útskrift elstu barnanna fór fram í þrennu lagi vegna fjöldatakmakanna og útskrifaðist hver deild fyrir sig. Þannig gátu foreldrar barnanna verið viðstaddir.
- Foreldrar unnu vel með leikskólanum í heimsfaraldrinum þegar takmarka hefur þurft fjölda barna á deildum. Þessi samvinna gerði það að verkum þjónustan hélst nánast óskert í leikskólanum á þessum tíma.

### Umbætur næsta árs

- Fara yfir gæðaviðmið Norðurþings um foreldrasamstarf



Foreldrasamstarf
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun
Viðhorf foreldra

- Setja í umbótaáætlun þá þætti sem koma gulir og rauðir út
- Í síðasta foreldra skólapúlsi sem var lagður fyrir á skólaárinu 19/20 voru niðurstöður almennt lakari en í púlsinum sem lagður var fyrir skólaárið 17/18. Markmiðið okkar er að ná fyrri gæðum í næsta foreldra skólapúlsi.

## Innra mat

[Viðmið Norðurbings- Innra mat- matslisti 3. útgáfa.](#)

Markmið skólans - Að skipulag innra mats sé skýrt og aðgengilegt, byggt á viðmiðum um gæði og notuð séu matstæki og aðferðir sem hæfa stefnu og viðfangsefnum skólastarfsins. Mat er alltaf tekið saman í styrkleika og tækifæri til umbóta.

Gögn sem nýtt voru til að máta við ný markmið og viðmið um innra mat voru fundargerðir og niðurstöður spurningalista.

Niðurstaða - Einn þáttur af þremur ber skýr merki um gæðastarf í skólum, tveir af þremur hafa fleiri styrkleika en veikleika og eru þeir þættir skráðir í umbótaáætlun hér að neðan. Helstu niðurstöður eru að bæta þarf opinbera birtingu, endurnýja skólanámskrá og gera verkferla skýrari og sýnilegri.

- Útbúin var [langtímaáætlun](#) og [ársáætlun](#) um innra mat í samræmi við umbótaáætlun.

Innra mat
Skipulag og viðfangsefni
Gagnasöfnun og vinnubrögð
Opinber birting og umbætur

### Umbætur næsta árs

- Skólanámskrá endurmetin þar sem bætt verður við mati á skólastarfi og markmiðum leikskólans. Matstæki færð úr vinnuhandbók í námskrá.
- Gögn gerð opinber á vefsíðu skólans.
- Útbúa matsblöð fyrir starfsfólk til að meta starfshætti sína.
- Útbúa matsblöð fyrir hvern þátt í námskránni.
- Kynna niðurstöður úr innra mati fyrir hagsmunaaðilum

## Heildarniðurstaða innra mats - myndræn

Stjórnun	Uppeldis- og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Skipulag náms og námsaðstæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólasterfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Stjórnun og daglegur rekstur	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber birting og umbætur
Faglegt samstarf	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks		
Leikskólaþróun og símenntun	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja		
	Mat á námi og velferð barna			

**RAUTT** - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

**GULT** - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta

**LJÓSGRÆNT** - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi

**GRÆNT** - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.



## Umbótaáætlun 2020-2023

\*Módel byggt á módeli Reykjavíkurborgar

Stjórnun 2021-2022							
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
<b>1 5.1 í skólanámskrá eru birtar þær upplýsingar sem aðalnámskrá og stefnuskjöl sveitafélagsins tilgreina að þar skuli birtast</b>	Endurgera skólanámskrá Grænuvalla	Fara yfir gátlista um skólanámskrá	Stjórnendat eymi	Janúar 2021	Júní 2022		Fullbúin skólanámskrá sem uppfyllir ströngustu skilyrði verði tilbúin í lok skólaárs 2021-2022

<b>2 5.5</b> Skólanámskrá er birt á heimasíðu leikskólans eða á annan aðgengilegan hátt	Að skólanámskráin sé aðgengileg almenningi	Birta skólanámskrána á vef skólans	Sérgreinastjóri	Júní 2022	Júlí 2022		Að skólanámskráin sé aðgengileg á vef skólans
<b>3 5.10</b> Starfsmannahandbók er til á deildum og uppfærð reglulega	Prenta út starfsmannahandbók í fleiri eintökum	Prenta út starfsmannahandbók fyrir hverja deild		Ágúst 2021	Ágúst 2021		Að starfsfólk geti nálgast starfsmannahandbókina auðveldlega
<b>Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi</b>	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
<b>1 Birta stefnu leikskólans á vefsíðu skólans</b>	Endurnýja stefnu	Birta stefnuna á vefsíðu skólans	Leikskólastjóri og sérgreinastjóri	Haust 2021	Haust 2021	Stefna endurmetin á fimm ára fresti	Að stefna leikskólans sé sýnileg og alltaf í samræmi við starf leikskólans

<b>2 Setja stefnu leikskólans skýrt fram</b>	Endurnýja stefnu	Fara yfir skólastefnu leikskólans og Norðurþings og sameina	Leikskólastjóri	Vor 2021	Haust 2021	Stefna endurmetin á fimm ára fresti	Að stefna leikskólans sé alltaf í samræmi við starf leikskólans
<b>3 Kynna áherslur stefnunnar fyrir foreldrum</b>	Foreldraráð fái kynningu á stefnunni	Kynna stefnuna á foreldraráðsfundi	Leikskólastjóri	Vor 2021	Vor 2021	Stefna endurmetin á fimm ára fresti	Að foreldrar þekki skólastefnu leikskólans
<b>4 Kynna stefnu leikskólans fyrir starfsfólki</b>	Endurnýja skjólastefnu og kynna fyrir starfsfólki	Farið yfir skólastefnuna á starfsdegi	Leikskólastjóri			Stefna endurmetin á fimm ára fresti	Að starfsfólk þekki skólastefnu leikskólans og geti unnið eftir henni
<b>5 Stjórnendateym i fylgist reglulega með hvernig gengur að vinna að stefnunni</b>							
<b>Stjórnun og daglegur rekstur</b>	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur

<b>1</b> <b>Móttökuáætlun starfsmanna</b>	Virkja hana í haust	Allir deildarstjórar fá móttökuáætlun og vinna eftir henni þegar nýtt starfsfólk kemur á deildina	Sérgreinastjóri, deildarstjór og skólastjóri	Haust 2021	Vor 2022	Endurmetið að vori	Að haldið sé utan um nýtt starfsfólk og því leiðbeint fyrstu mánuðina. Að upplifun nýrra starfsmanna af því að vinna á Grænuvöllum sé góð
<b>2 2.14</b> <b>Persónuupplýsingar eru varðveittar í læstum hirslum eða í læstum skráum í tölvum.</b>	Læsa viðkvæmum gögnum í tölvum	Allir stjórnendur læri að læsa skráum í tölvum og geti opnað þær aftur þegar þess þarf	Sérgreinastjóri	Haust 2021	Vor 2022	Endurmetið að vori	Að engin viðkvæm gögn komist í hendur óviðkomandi
<b>Faglegt samstarf</b>	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
<b>1 3.5.</b> <b>Fundargerðir gerðar aðgengilegar</b>	Fundargerðir eru ritaðar, sendar til starfsfólks og prentaðar út	Spurning hvort þær þurfi að vera aðgengilegar fleirum?	Sérgreinastjóri	Haust 2021	Vor 2022		Að fundargerðir séu aðgengilegar
<b>2 3.7.</b> Virk áætlun er til um	Áætlun sé sett í starfsmannahandbók		Sérgreinastjóri	Haust 2021	Vor 2022		Áætlun sé til skrifleg og aðgengileg fyrir starfsfólk

<b>samstarf við grunnskóla...</b>	eða á annan aðgengilegan stað.						
<b>3 3.12 Leikskólinn nýtir sér ráðgjöf og stuðning við starfsfólk</b>		Skoða hvaða ráðgjöf og stuðningur stendur til boða		Haust 2021	Vor 2022		Gera ráðgjöf og stuðning sýnilegan
<b>Leikskólaþróun og símenntun</b>	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
<b>1 4.2. Þróunaráætlun byggir á stefnu leikskólans og innra eða ytra mati á starfinu</b>	Erum við með þróunaráætlun, eða er það það sama og umbótaáætlun?						
<b>2 4.3 Símenntunaráætlun endurspeglar áherslur leikskólans sem birtast í skólanámskrá</b>	Gera skriflega símenntunaráætlun		Leikskólastjóri	Haust 2021	Vor 2022		Betra skólastarf með aukinni menntun starfsfólks

3 4.4 Samræmi er milli símenntunaráætlunar og umbótaáætlunar			Leikskólastjóri	Haust 2021	Vor 2022		
4 4.6 Leikskólastjóri heldur skrá yfir símenntun og þekkingu		Starfsfólk afhendi skólastjóra afrit af staðfestingum á þeim námskeiðum sem þeir hafa sótt		Haust 2021	Vor 2022		Hafa betri yfirsýn yfir þekkingu í húsinu.

## Uppeldis- og menntastarf

Skipulag náms og námsaðstæður	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
-------------------------------	---------------------	---------------------	--------	-------	-------	-------------------------	-------------------

<b>1 1.4</b> Skipulag húsnæðis ber þess merki að unnið er að góðri hljóðvist	Bæta hljóðvist og minnka hávaða á deildum	Mottur, hljóðeinangrun á borð og stólfætur, hljóðeinangri skilrúm	Leikskólastjóri	Vor 2022	Vor 2023	Hljóðmæling?	Hávaði minnki og meiri ró sé yfir börnum og starfsfólki
<b>2 1.6.</b> Vinnuaðstaða starfsfólks	Bæta fundaraðstöðu og undirbúningsaðstöðu	Bæta loftflæði í fundaraðstöðu, skrifborðstólar í undirbúning	Leikskólastjóri				Að skrifstofuaðstaða sé sambærileg og hjá öðrum í sveitafélaginu.
<b>3 1.8.</b> Fjölbreytt úrval af leik og námsefni	Fara yfir gátlista um skipulag húsnæðis og leik og námsefni	Bæta úr því sem þarf að laga samkvæmt gátlistanum	Stjórnendur	Haut 2021	Vor 2022	Yfirferð á gátlista	Að leikföng og námsefni hæfi öllum í leikskólanum.
<b>4 1.10</b> Bókakostur ofl endurspegla margbreytileika mannlífsins	Fara reglulega yfir bókasafnið.	Raða, flokka, fjarlægja óæskilegar bækur og bæta við góðum bókum.	stjórnendur	Haut 2022	Vor 2023	Tekið til á bókasafninu einu sinni á ári á sumrin. Farið skipulega í gegn um það á þriggja ára fresti	Að bókakostur endurspegli margbreytileika mannlífsins.
<b>5 1.11</b> Dagskipulag er endurmetið reglulega	Endurmeta dagskipulag reglulega á deildarfundum		Deildarstjórar			Næst endurmetið haut 2022	Að dagskipulag sé samræmt á leikskólanum.

Uppeldi, menntun og starfshættir	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
1							
2							
Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig Metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
1 1.27 Börnin hafa áhrif á viðfangsefni skipulagðra stunda	þurfum að skoða hvort þau hafi áhrif á þessar stundir og hver sú áhrif eru.	Ræða, t.d. Á barnafundum hvað börnin vilja gera í skipulögðu stundunum	deildarstjórar	Haust 2022	Vor 2023	Tíglamat	Að börnin hafi áhrif á leikskólastarfið
2 1.35 Börnin hafa val um viðfangsefni í frjálsum leik	Athuga hversu mikið val börn fá á deildum	Ræða á deildarfundum og svo deildarstjórafundum	Deildartjórar	Haust 2022	Vor 2023	Tíglamat, skráningar á vali	Að börnin styrkist í sjálfsákvæðanatöku



Námssvið leikskólans	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>1 1.41</b> Unnið er með frásagnir, sögur, ljóð...	Færa þulur og vísur úr vinnuhandbók yfir í læsisstefnu		Sérgreinastjóri	Haust 2022	Vor 2023	Umræða á deildarstjórafundum að vori um hvort þulur og vísur hafi verið notaðar meira markvisst eftir að þær voru færðar.	Börn læri vísur og þulur í leikskólanum.
<b>2 1.47</b> Unnið er markvisst að eflingu vísinda meðal barna í leikskólum og það endurspeglast bæði í námskrá og starfi	Athuga hvað er verið að gera til að efla vísindi í leikskólanum.	Námskeið, námsefni, nýta mannauðinn	stjórnendateymi	Haust 2022	Vor 2023	Skoða hvað flokkast undir vísindi. Jókst sú vinna eftir þessa athugun.	
<b>3 1.44</b> Samskipti barna	Vinna markvisst að því að efla samskipti barna	Athuga hvað við getum gert meira en við erum að gera	JA teymi	Haust 2022	Vor 2023	Batna samskipti við auknar aðgerðir?	Að börn sýni hvoru öðru og kennurum virðingu og samkennd

4 1.46 Unnið er markvisst að uppeldi til sjálfbærni		Fara yfir sjálfbærni í námskránni og athuga hvort sé verið að fara eftir henni	Stjórnendur	Haust 2022	Vor 2023		Að börn séu meðvituð um sjálfbærni og umhverfisvernd
5 1.51. Unnið er markvisst að heimamenningu allra barna	<a href="https://menntastefna.is/tool/heimamenning/">https://menntastefna.is/tool/heimamenning/</a>	Skoða hvort þetta er verkefni sem við viljum fara betur út í.	Deildarstjórar	Haust 2022	Vor 2023	Skoða hvort öll börn hagnist af þessari vinnu	Auka víðsýni barna
6 1.52 Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna	<a href="https://www.barnasattmali.is/is/fyrir-borun/barnasattmalinn-a-barnvaenu-mali">https://www.barnasattmali.is/is/fyrir-borun/barnasattmalinn-a-barnvaenu-mali</a>			Haust 2022	Vor 2023		
7 1.53 viðfangsefni heimsmarkmiðanna	<a href="https://www.un.is/heimsmarkmidin/">https://www.un.is/heimsmarkmidin/</a>			Haust 2022	Vor 2023		
Leikskóli án aðgreiningar	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
1 1.54	Bæta hljóðvist Einveruhorn	Nægt rými fyrir börnin	Skólastjóri	Haust 2022	Vor 2023	Hljóðmælingar	

<b>Umhverfið er aðlagð til að mæta þörfum allra barna.</b>						Skoða hvernig einveruhornin nýtast	
<b>2 1.61 Starfsfólk fær upplýsingar og stuðning til að framfylgja markmiðum einstaklingsnámskráa.</b>		Aðili úr stuðningsteymi fer á deildarfundi og kynnir einstaklingsnámskrár og hvernig þær eru notaðar	Sérkennslustjóri	Haust 2022	Vor 2023		
<b>3 1.67 Verkferlar vegna sérfræðipjónustu eru skýrir og aðgengilegir bæði starfsfólki og foreldrum</b>		Gera verkferla skriflega og aðgengilega á vefsíðu eða annars staðar.	Sérkennslustjóri	Haust 2022	Vor 2023		
<b>4 1.71 Leikskólinn nýtir sér ráðgjöf og</b>		Skólaþjónustan á að veita þessa þjónustu og mun byrja á því í	Skólaþjónusta Norðurþings	Haust 2021			

stuðning við starfsfólk		Samstarfi við Ásgarð á næsta skólaári.					
Mat á námi og velferð barna	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig Metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
1 1.71 Áætlun er til um mat á námi og velferð barna.	Það er til áætlun um mat en spurning um velferð?	Fáum aðstoð hjúkrunarfræðings við að efla leikskólann sem Heilsueflandi samfélag.	Leikskólastjóri	Haust 2022	Vor 2023	óákveðið	Að Norðurþing verði heilsusamlegri vinnustaður
2 1.78 Aðferðir sem notaðar eru til að meta nám og stöðu barna eru endurmetnar reglulega		Horfa gagnrýnum augum á skimanir og meta hvort nota eigi þær áfram eða skipta yfir í aðrar	Stjórnendur	Haust 2022	Vor 2023	Metið á fimm ára fresti	Að skimanir séu gagnlegar nemendum og kennurum.
3 1.81 Börn fá tækifæri til að setja sér markmið		Markmiðasetning a barnafundum. Markmið deildarinnar, hvernig ætlum við að hafa	deildarstjórar	Haust 2022	Vor 2023	Skrá hvernig gekk í árskýrslu deilda.	

		starfið, samskiptin... í vetur					
<b>4 1.84</b> Skráningar eru varðveittar með skipulögðum hætti		Skráningar, foreldraviðtöl, skimanir og persónugeranleg gögn á að geyma í læstum hirlsum í persónumöppum	Sérgrainastjóri	Haust 2022	Vor 2023	Gögnin skulu geymast í leikskólanum í sjö ár. Eftir það fara þau á skjalasafnið eða í eyðingu.	Að öll gögn séu geymd á vísum stað

## Leikskólabragur

Viðmót og menning	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
1 1.1. Andrúmsloftið í leikskólanum er afslappað og notalegt	Bæta hljóðvist	Dúkar, Mottur Tappar á stóla Hljóðeinangrun á vegg.	Stjórnendur, deildarstjórnarar	Haust 2022	Vor 2023		

		Dreifa börnum, loka hurðum					
2 1.2. Jákvæður andi og gleði ríkir			allir	Haust 2022	Vor 2023		
3 1.3. Gagnkvæm virðing og traust ríkir milli allra		Tala um hlutina á réttum stöðum Gagnsæi Samvinna milli allra	allir	Haust 2022	Vor 2023		
4 1.5. Virðing er borin fyrir einstaklingum og tillit tekið til ólíkra sjónarmiða.			allir	Haust 2022	Vor 2023		
5 1.6. Starfsfólk er samhent í starfi.	Samræma starfsreglur		allir	Haust 2022	Vor 2023		
<b>Velferð og líðan barna</b>	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur

1 1.13 Milli barnanna ríkir virðing og samkennd	Hvað getum við gert til að börnin sýni hvoru öðru og kennurum virðingu	Það er nú þegar mikil vinna í gangi en það þarf að finna enn fjölbreyttari leiðir.	JA teymi	Haust 2022	Vor 2023	Kennarar skrái niður í atvik.is þegar þeir verða fyrir árásum eða börn slasa önnur börn. Sjá hvort skráningum fækki með fjölbreyttari aðferðum.	Að börnin sýni hvoru öðru almennt virðingu og samkennd.
2 1.12 Börnin eru glöð og áhugasöm		Umræður á barnafundum og tíglamat. Hvað er skemmtilegt að gera í leikskólanum, hvað langar ykkur að gera.	deildarstjóra r	Haust 2022	Vor 2023	Skólapúls - foreldrar	Að öll börn tilheyri í leikskólanum, líði vel og séu áhugasöm um starfið
<b>Hlutverk leikskóla- kennara</b>	<b>Tækifæri til umbóta</b>	<b>Aðgerðir til umbóta</b>	<b>Ábyrgð</b>	<b>Hefst</b>	<b>Lokið</b>	<b>Hvernig metið/aðferðir</b>	<b>Viðmið um árangur</b>
1 1.28 Leiðbeinendur á deildum fá reglulega endurgjöf og leiðsögn s.s. í daglegu starfi		Taka móttökuáætlun í gagnið fyrir nýtt starfsfólk. Líka hægt að nota tékklista í henni fyrir vanara starfsfólk.	deildarstjóra r	Haust 2022	Vor 2023	Starfsmannasamtöl	Að leiðbeinendur verði öruggari með sig í starfi.

og í leiðbeinendasa mtölum.		Umræður á deildarfundum. Starfsmannasamtöl					
Fagmennska starfsfólks	Tækifæri til umbóta	Aðferðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
1 1.32 Starfsfólk er ánægt með markmið og stefnu leikskólans		Kynna markmið og stefnu leikskólans fyrir starfsfólki. Starfsfólk taki þátt í að móta stefnu og markmið leikskólans.	Leikskólastjóri	Haut 2022	Vor 2023	skólapúlsinn	Að starfsfólk þekki markmið og stefnu leikskólans og geti unnið eftir þeim.
2 1.33 Starfsfólk er ánægt með framkvæmd stefnunnar í leikskólanum						skólapúlsinn	
3 1.37 Starfsfólk sækir símenntun	Símenntunaráætlun	Hvetja starfsfólk til símenntunar. Nýta starfsdaga í símenntun.	leikskólastjóri	Haut 2022	Vor 2023		Að með aukinni menntun verði leikskólastarfið enn betra.



Starfsánægja	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
1 1.46 Starfsfólk telur hæfni sína og þekkingu vera vel nýtt í starfi.		Símenntun Endurmenntun Sjálfstyrking samvinna	Leikskólastjóri Deildarstjóri	Haust 2022	Vor 2023		Auka trú starfsfólks á eigin getu.
2 1.52 Vinnuaðstaða er góð að mati starfsfólks		Bæta loftgæði á efri hæð Bæta fundaraðstöðu í 8ttunni Bæta hljóðvist í leikskólanum.	Skólastjóri Norðurþing	Haust 2022	Vor 2023	Skólaláttinn	Að öllum líði vel í vinnunni. Starfsumhverfið verði straumlínulagaðra Að Grænuvellir verði mjög eftirsóknarverður vinnustaður.

## Foreldrasamstarf

Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Tækifæri til umbóta	Aðferðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>1 1.8</b> Starfsfólk er lausnamiðað í samskiptum við foreldra með annað móðurmál en íslensku og nýtir fjölbreyttar leiðir til samskipta	Starfsfólk hér er mjög lausnamiðað og gerir vel, en oft má gott bæta.	Útbúa lista á íslensku, ensku og pólsku amk með helstu skilaboðum sem leikskólinn sendir frá sér.	stjórnendateymi	Haust 2021	Vor 2022		
<b>2 1.9</b> Skipulagt verklag er í leikskólanum þegar ræða þarf við	Verklagið er skipulagt en það þarf að setja það skriflega niður og hafa það aðgengilegt		skólastjóri	Haust 2021	Vor 2022	Yfirfara skipulagið á fimm ára fresti	Að hægt sé að ganga fumlaut og hratt í verkin þegar þess þarf.

<b>foreldra um viðkvæm mál</b>							
<b>3 1.12 Hagnýtar upplýsingar á erlendum tungumálum eru á heimasíðu leikskólans.</b>	Hagnýtar upplýsingar eru á ensku á vefsíðunni en það væri gott að hafa þær á pólsku líka	Fá túlk til að túlka yfir á pólsku	skólastjóri	Haust 2021	Vor 2022	Yfirfara texta á þriggja ára fresti	Að allir foreldrar hafi góðan skilning á starfi leikskólans
<b>4 1.14 Foreldraráð fundar reglulega og hefur sett sér starfsáætlun og vinnureglur.</b>				Haust 2021	Vor 2022		
<b>5 1.15 Fundir foreldraráðs eru boðaðir með dagskrá og fundargerðir</b>		Setja fundargerðir á vefsíðu skólans		Haust 2021	Vor 2022		

aðgengilegar á heimasíðu leikskólans							
Viðhorf foreldra	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>1 2.1.</b> Foreldrar eru jákvæðir í ummælum sínum um leikskólann.		Fara yfir skólapúlsinn og skoða hverju er hægt að breyta til batnaðar	skólastjóri	Haust 2021	Vor 2022	Skólapúlsinn á tveggja ára fresti	Að amk 90% foreldra séu jákvæðir í ummælum sínum um leikskólann
<b>2</b> Foreldrar eru ánægðir með stefnu leikskólans		Kynna stefnu leikskólans fyrir foreldrum og setja hana á vefsíðu	skólastjóri/ sérgreinastjóri	Haust 2022	Vor 2023		
<b>3 2.7.</b> Foreldrar eru ánægðir með samskipti og viðmót starfsfólks				Haust 2022	Vor 2023		Að amk 90% foreldra séu ánægðir með samskipti og viðmót starfsfólks

<b>4 2.12</b> Foreldrar eru ánægðir með upplýsingagjöf frá leikskólanum		Skoða hvernig upplýsingagjöf fer fram og hvort megi bæta hana á einhvern hátt		Haust 2022	Vor 2023		Að amk 90% foreldra séu ánægðir með upplýsingagjöf frá leikskólanum.
<b>5 2.13</b> Að foreldrar séu virkir samstarfsmenn skólans við eflingu jákvæðs skólabrags og skipulag skólans í heild				Haust 2022	Vor 2023		

## Innra mat

Skipulag og viðfangsefni	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>1 1.1</b> Í skólanámskrá er umfjöllun um helstu leiðir sem leikskólinn fer við að meta innra starf sitt	Bæta skipulag innra mats	Gera kafla í skólanámskrá þar sem fjallað er um mat á skólastarfinu	Stjórnendur / matsteymi	Haust 2021	Vor 2022	Skólanámskrá endurskoðuð 2027	Að skipulag sé skýrt og samkvæmt gæðalýsingum Norðurþings um skipulag innra mats
<b>2 1.5</b> Mat og ígrundun kennara á eigin starfsháttum er liður í daglegu starfi þeirra	Kennarar fá fleiri tækifæri í undirbúningi til að meta eigið starf. Fylla út matsblað í móttökuáætlun á deildarfundum	Fylla út matsblöð úr móttökuáætlun. Búa til matsblað með nokkrum spurningum á mánuði sem starfsfólk fyllir út, t.d í lok deildarfundar	Allir	Vor 2021	Sept 2021	Endurmat 2026	Að skipulag sé skýrt og samkvæmt gæðalýsingum Norðurþings um skipulag innra mats
<b>3 1.6</b> Í skólanámskrá er fjallað um	Búa til markmið í námskrána og matskafla	Við leggjum mikla áherslu á leikinn, útikennslu, læsi, tónlist og síðast en ekki síst	Stjórnendur / matsteymi	Haust 2021	Júní 2022	Skólanámskrá endurskoðuð 2027	Að námskráin sé skýr með markmiðum og leiðum

hvernig markmið leikskólans eru metin.		jákvæðan aga. Getum bætt okkur talsvert í að meta leikinn. Deildarstjórar skila inn mati eftir veturinn. Þetta vantar í skólanámskrána. Þurfum að útbúa matsblað fyrir hvern námsþátt, 9 matsblöð.					
4 1.7. Öll markmið skólanámskrár eru metin markvisst og kerfisbundið með einhverjum hætti	Að skólanámskráin sé lifandi plagg	Fara yfir námskránna á deildarstjórafundi að vori	Stórnendur	Haust 2021	Vor 2022	Metið 2023 þegar nýja námskráin er búin að vera í notkun í ár	Að námskráin sé alltaf virk.
5 1.9 Fyrir hvert markmið eru skilgreind viðmið um þann árangur	Að börnunum líði vel og tilheyrir. Taka umræðuna - við hvaða viðmið erum við að miða.	Tengja matstækin að einhverju leyti við viðmiðin - Tras, Míó, Hljóm og Efi	Stjórnendur og matsteymi	janúar 2022	Júní 2022	Metið 2023 þegar nýja námskráin er búin að vera í notkun í ár	

sem stefnt er að.							
Gagnasöfnun og vinnubrögð	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>1 2.6. Starfsfólk leikskólans tekur þátt í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati.</b>	Að virkja allt starfsfólk í ákvarðanatöku og faglegri umræðu	Setja inn hlekk á upplýsingar um matsteymi (gæðaráð) í skólanámskrá. Starfsfólk vinnur saman í að forgangsráða matsatriðum, hvað þarf að meta og hvenær. Getum mögulega nýtt niðurstöður úr skólapúlsi í innra matið.	Stjórnendur og matsteymi	Haust 2021 á starfsd egi	Haust 2022		Að allir hafi aðkomu að innramats umræðum og forgangsröðun. Að texti um matsteymi sé aðgengilegur á heimasíðu.
<b>2 2.7 Foreldrar taka þátt í að ákveða áherslur og forgangsröðun</b>	Tryggja enn frekar samvinnu allra að auknum gæðum leikskólastarfsins	Foreldraráð fær matsblað til að fylla út á vormánuðum og fá þá í leiðinni lista um áherslur í innra mati	Matsteymi og foreldraráð	Júní 2021	ágúst 2021	Foreldraráðið fær matsblöðin árlega í júní	Aukið samstarf og gagnsæi.



í innra mati t.s með aðkomu foreldraráðs		sem ráðið getur forgangsraðað.					
3 2.11 Mat á námi, framförum og árangri fer fram reglulega og áæltun um það birtist í skólanámskrá	Að matið sé sýnilegt	Setja matstæki Efi, Hljóm, Míó og tras í skólanámskrá og færa áætlun úr vinnuhandbók í námskránnu.	Stjórnendur og matsteymi	Janúar 2021	Júní 2022	2023 eftir fyrsta ár og svo á fimm ára fresti	Að mat sem við vinnum sé sýnilegt og aðgengilegt.
4							
5							
<b>Opinber birting og umbætur</b>	<b>Tækifæri til umbóta</b>	<b>Aðgerðir til umbóta</b>	<b>Ábyrgð</b>	<b>Hefst</b>	<b>Lokið</b>	<b>Hvernig Metið/aðferðir?</b>	<b>Viðmið um árangur</b>
1 3.1. Greinargerðir um innra mat eru birtar á heimasíðu leikskólans	Birta vorskýrslur á vefsíðu leikskólans	Setja greinargerðir, kannanir, áætlanir og annað tengt matinu á vefsíðu leikskólans  Fyrsta greinargerð um	Stjórnendur og matsteymi	Júní 2021	Júní 2021		Öll birtanleg matsgögn séu birt jafnóðum á heimasíðu skólans.

eða með öðrum opinberum hætti.		innra mat og umbótaáætlun verður gerð vorið 2021 og birt og kynnt skólasamfélaginu (starfsmannahópur, foreldrar og fjölskylduráð).				
2 3.4 Niðurstöður úr innra mati eru formlega kynntar helstu hagsmunaaðilum.	Að allir hagsmunaaðilar viti hverju er verið að vinna að og geti komið að umbótum.	Matsteymi kynnir niðurstöður á starfsmannafundi eða deildarfundum sem og fyrir foreldraráði og fjölskylduráði.	Stjórnendur og matsteymi			
3 3.7 Áætlanir um umbætur eru bornar undir foreldraráð og fjölskylduráð.		Fyrsta greinargerð um innra mat og <b>umbótaáætlun</b> verður gerð vorið 2021 og birt og kynnt skólasamfélaginu (starfsmannahópur, foreldrar og fjölskylduráð).	Stjórnendur og matsteymi	sumar 2021.		Kynnt fyrir foreldraráði og fjölskylduráði ár hvert

							Aukið gagnsæi
4 3.12 Umbótum er kerfisbundið fylgt eftir.		<p>Endurskrifa og orða betur.</p> <p>Fara mánaðarlega yfir umbótaáætlun og hvort allt sé á dagsskrá.</p> <p>Setja yfirlit á augljósan stað - búa til tímalínu sem einfaldar yfirlit.</p>	Stjórnendur og matsteymi				
5 Innra mats skýrsla gerð á hverju ári þar sem umbætur eru tímasettar og skýrt settar			Stjórnendur og matsteymi	Maí ár hvert	Júní ár hvert		

fram og þar sé gert grein fyrir því hvernig innra og ytra mat var nýtt til að máta við gæðaviðmið viðkomandi stofnunar.							
---	--	--	--	--	--	--	--